

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 9. maí 2011 í máli nr. S-1957/2008:

Ákærvaldið

(Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari)

gegn

Jóni Ásgeiri Jóhannessyni

(Gestur Jónsson hrl.)

Tryggva Jónssyni

(Jakob R. Möller hrl.)

Kristínu Jóhannesdóttur

(Kristín Edwald hrl.)

og

Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf.

(Kristín Edwald hrl.)

Ár 2011, mánudaginn 9. maí, er á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldinn er af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp úrskurður í máli ákærvaldsins gegn Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Tryggva Jónssyni, Kristínu Jóhannesdóttur og fjárfestingafélaginu Gaumi ehf.

Í máli þessu eru ákærðu, Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggvi Jónsson, Kristín Jóhannesdóttir og Fjárfestingafélagið Gaumur ehf., saksótt fyrir skattalagabrot af ýmsu tagi. Hafa ákærðu krafist þess að nokkrum liðum ákærunnar, ýmist hvert fyrir sig eða saman, verði vísað frá dómi. Ákæruliðir þessir, sem gerð er grein fyrir hér á eftir í köflum A – E, séu svo óskýrir að ekki verði séð hverjar sakir séu þar bornar á ákærðu. Sé ákærðu þannig ókleift að verjast sakargiftunum og dómaramum ófært að leggja á þær efnisdóm, sbr. c-lið 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19, 1991, en nú c-lið 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð sakamála. Ákærvaldið hefur krafist þess að synjað verði kröfum ákærðu og að málið fái meðferð eftir efni sínu. Munnlegur málflutningur fór fram um kröfuna 3. maí sl. og var hún tekin til úrskurðar að þeim ræðum loknum.

A

Ákærði Jón Ásgeir krefst þess í greinargerð sinni um kröfuna að 1. tl. A í I. kafla ákærunnar verði vísað frá dómi þar sem „vantöldum fjármagnstekjum“ og „þóknun vegna sölu hlutabréfa“ sé þar steipt saman með óskiljanlegum hætti og því haldið fram að þá samsteypu, að fjárhæð kr. 10.000.000, hafi ákærði fengið greidda frá Bónus inn á bankareikning sinn 25. ágúst 1998. Jafnframt sé því haldið fram að samsteypan, sem er síðar í verknaðarlýsingunni að fjárhæð kr. 1.784.344, hafi verið færð á viðskiptareikning ákærða hjá Bónus. Þar að auki sé því haldið fram að Bónus hafi greitt samsteypuna, annað hvort í heild eða að hluta, til Kaupþings hf. vegna ákærða 27. nóvember 1998. Að lokum segi að samsteypan, annað hvort í heild eða að hluta, hafi verið tekjur af hlutareign ákærða í Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf. Samkvæmt hinni óljósu verknaðarlýsingu virðist sem um sé að ræða annað hvort eina eða tvær greiðslur frá Bónus sf. sem þóknun til ákærða vegna sölu ótilgreindra hlutabréfa. Þá virðist sem Bónus sf. hafi greitt Kaupþingi hf. tiltekna fjárhæð vegna ákærða 27. nóvember 1998, án þess að nákvæmrar fjárhæðar sé getið eða þá að tilefni hennar sé skýrt nánar. Í lok verknaðarlýsingar komi og fram að einhver ótilgreind fjárhæð teljist tekjur af hlutareign ákærða í Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf., án þess að nokkur frekari grein sé gerð fyrir aðkomu eða tengslum síðastgreinda félagsins við umræddar greiðslur eða ákærða.

Um þetta atrið segir í greinargerð ákæruvaldsins að verknaðarlýsing ákæruvaldsins beri með sér að ákærða sé þar gefið að sök að hafa vantalið fjármagnstekjur sínar á skattframtali árið 1999 um samtals kr. 11.784.344 og þannig vangoldið fjármagnstekjuskatt sem nam 10% af tekjum. Greiðsla þessi hafi komið frá Bónusi sf., annars vegar kr. 10.000.000 inn á bankareiknings ákærða en afgangurinn verið færður á viðskiptareikningi hans hjá félaginu. Sakarefnið sé þannig ljóst og greiðslan tiltekin í fjárhæðum og dagsetningum. Það bíði sönnunarfærslu í málinu að fjalla frekar um það hvernig þetta var gert og um viðskipin að baki þeim, tekjunum sem um er að ræða og lýst t.d. með orðunum „þóknun vegna sölu hlutabréfa“. Samkvæmt 3. mgr. 67. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75, 1981, sbr. nú 3. mgr. 66. gr. laga nr. 90, 2003, sé arður af fjármagnstekjum skattskyldur: „Tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar skal vera 10% af þeim tekjum. Til fjármagnstekna teljast í þessu sambandi tekjur skv. 1.–8. tölul. C-liðar 7. gr., þ.e. vextir, arður, leigutekjur, söluhagnaður og aðrar eignatekjur.“ Þá séu tekjur skilgreindar svo í 4. tölulið C-liðar 7. gr. tekjuskattslaganna nr. 75, 1981, sbr. sama ákvæði í núgildandi tekjuskattslögum nr. 90, 2003 þó þar sé vísað til 11. gr. laganna, eru samkvæmt ákvæðinu: „4. Arður af hlutum og hlutabréfum í félögum, sbr. 9. gr.“ Loks segi í 1. mgr. 9. gr. laganna 1981, sbr. nú lítið breytt orðalag 11. gr. núgildandi tekjuskattslaga að til arðs teljist auk venjulegrar arðgreiðslu „sérhver afhending verðmæta til hlutareiganda eða hluthafa er telja verður sem tekjur af hlutareign þeirra í félaginu.“ Af þessu sjáist að orðalag ákæruvaldsins taki mið af málsatvikum og lýsingu á skattskyldu manna í skattalögum og hugtökum þeim tengdum. Þannig sé sakarefnið skýrt en það bíði hins vegar efnismeðferðar málsins að færa sönnur á staðhæfinguna í ákæruvaldið.

Pungamiðja sakargiftanna í þessum ákærulið er fremst í liðnum, næst á eftir raðtölunni 1. Þar er ákærða gefið að sök að hafa í skattframtali ársins 1999 ekki talið fram 11.784.344 króna fjármagnstekjur og þannig komið sér undan því að greiða 1.178.434 krónur í tekjuskatt af þeim. Er ákæran fyllilega skýr að þessu leyti. Í staflíðnum A er aftur á móti leitast við að sundurliða tekjur þessar og er sú greinargerð öll fremur bönguleg, en þó ekki óskiljanleg þegar hún er lesin í samhengi við annað í þessum lið. Loks er þar gerð óaðfinnanleg grein fyrir því hvernig hinn vangoldni fjármagnstekjuskattur er fenginn. Verður ekki talið að verknaðarlýsingu þessa ákæruliðar sé svo áfátt að vísa beri honum frá dómi.

B

Ákærði Jón Ásgeir krefst þess í greinargerð sinni að öllum liðum 1. tl. III. kafla ákærunnar verði vísað frá dómi. Ákærði telur sundurliðun þá, sem gerð er á skilum og skilagreinum yfir staðgreiðslufé í fyrra hluta III. kafla ákærunnar, ekki fullnægja áskilnaði 116. gr. oml. um skýrleika ákæru. Geti hann með engu móti ráðið af ákærunni hvaða saknæm háttsemi sé talin búa að baki hverju tímabili og hverri fjárhæð. Þannig sé með öllu óljóst á hvaða tímabili hann eigi að hafa „látið undir höfuð leggjast að halda eftir og standa ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda [...] vegna launagreiðslna, afhendingar á bifreið og húsgögnum auk greiðslna félagsins á líftryggingariðgjaldi í þágu ákærða Jóns Ásgeirs og þriggja annarra stjórnenda og starfsmanna þess [...]“. Jafnframt sé með öllu óljóst hvaða fjárhæðir tengist launagreiðslum, afhendingu á bifreið og húsgögnum eða greiðslum á líftryggingariðgjaldi, sem og því hver hafi verið tekið við umræddum greiðslum. Virðist þetta hafa verið nokkuð óljóst í huga ákæruvaldsins, þar sem ekki hafi verið mögulegt að nafngreina þá þrjá aðra stjórnendur og starfsmenn, sem talið sé að hafi ásamt ákærða fengið í sinn hlut greiðslur frá félaginu á líftryggingariðgjaldi. Til samanburðar megi geta þess að ákæruvaldið hafi séð ástæðu til þess að setja ákæruliðina í fyrsta kafla ákærunnar fram með öðrum hætti. Þar og í ákærulið I.1.A. séu fjárhæðir sundurliðaðar eftir tímabilum, auk þess sem lýst er hinni meintu saknæmu háttsemi ákærða vegna hvers fjárhæðar á hverju tímabili. Telji ákærði ljóst að verknaðarlýsing í ákæru sé ekki það greinargóð og skýr að ákærði geti ráðið af henni hvaða refsiverð háttsemi honum sé gefin að sök og honum ókleift taka afstöðu til sakargifta og halda uppi vörnum gegn þeim. Að öðrum kosti hlyti slík málsvörn enda eingöngu byggjast á hreinum getgátum ákærða um sakargiftirnar. Sakargiftir verði að setja þannig fram í ákæru að ákærður maður verði að geta séð af ákærunni einni hverjar þær eru. Ljóst sé hins vegar að því sé ekki að heilsa hér og beri því að vísa frá dómi öllum ákæruliðunum í fyrsta hluta III. kafla ákærunnar.

Ákærði Tryggvi krefst þess í greinargerð sinni að 2. tl. III. kafla ákærunnar verði vísað frá dómi. Sérstaklega er það auk þess áréttað að ákærði hafi engan

persónulegan ávinning af þeim brotum sem fjallað er um í þessum ákærulið. Þá tekur ákærði fram að samkvæmt 152. gr. laga um meðferð sakamála, einkum c- og d-liði, skuli m.a. tilgreint hver sú háttsemi sé sem ákært er út af. Í athugasemdum við ákvæðið sé m.a. vísað til samanburðar til ákvæða e-liðar 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91, 1991. Sé vandséð að ekki yrði vísað frá dómi einkamáli, þar sem stefna væri þeim annmörkum háð sem III. þáttur ákæru sé haldinn. Nægi þar að nefna að ekki sé þar tilgreint hver þau líftryggingariðgjöld séu, sem ekki hafi verið talin fram, hvaða starfsmenn Baugs hf. hafi átt í hlut, né heldur hver hafi hlotið þær kr. 8.028.617 sem tilteknar séu. Vangerð ákæru að þessu leyti geri ákærða ómögulegt að taka til varna nema með hreinum ágiskunum. Leiði af þessu að málinu verður að þessu leyti að vísa frá dómi.

Um þetta atriði (og einnig 1. og 2. töluliðar IV. kafla ákæru, sbr. hér á eftir) segir í greinargerð ákæruvaldsins að verknaðarlýsing ákæruliðarins beri með sér að ákærðu samkvæmt þessum ákæruliðum byggi á brotalýsingu 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45, 1987 en þar sé það lýst refsivert ef maður „skýrir rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil sín, hefur ekki haldið eftir fé af launagreiðslum eins og honum bar [...] eða ekki innt af hendi þær greiðslur vegna launamanna sem hann hefur haldið eftir eða honum bar að halda eftir.“ Í þessum ákæruliðum sé háttsemi ákærðu lýst í samræmi við orðalag refsíákvæðisins. Margdæmt sé að brot gegn þessu lagaákvæði teljist fullframið þegar ekki eru staðin skil á greiðslum og skilagreinum á lögmæltum tíma, sbr. 20. gr. staðgreiðslulaganna. Samkvæmt í 116. gr. oml. beri að lýsa því í ákæru hvert brotið sé sem ákært er út af. Frekari sundurliðun á fjárhæðum í ákæru bryti gegn tilgangi ákvæðisins enda yrði 116. gr. oml., enda tilheyri sá hluti sönnunarfærslu málsins. Væri tiltekið nákvæmlega hvaða launagreiðslur stæðu á bak við vantalda staðgreiðslu hvers tímabils væri verið að flækja ákærana og gera sakarefnið torskilið. Áralöng dómvenja sé fyrir því að verknaðarlýsing ákæru um brot sem þessi uppfylli skilyrði 116. gr. oml. að þessu leyti. Þá megi til hliðsjónar benda samsvarandi dómvenju að því er varðar fjárdráttarbrot en í þeim tilvikum hefur verið talið nægja að samtala fjárhæða og tímamörk brota sé nægileg lýsing brots. Ákæran geymi, eins og hún sé úr garði gerð, hárnákvæma lýsingu á þeirri hegðun sem talin sé refsiverð að lögum og uppfylli því skilyrði 116. gr. oml. Beri því að synja kröfu ákærðu um að þessum ákæruliðum verði vísað frá dómi.

Í 1. og 2. töluliðum III. kafla ákærunnar er ætluðum brotum ákærðu Jóns Ásgeirs og Tryggva gegn lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda lýst þannig að þeir hafi hvor um sig í rekstri fyrirtækisins Baugs hf./Baugs Group hf. skilað röngum skilagreinum staðgreiðslu opinberra gjalda fyrir félagið, þar sem greidd laun og skilaskyld staðgreiðsla voru vantalin og að hafa látið undir höfuð leggjast að halda eftir og standa ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli í III. kafla staðgreiðslulaganna vegna launagreiðslna og fleiri greiðslna sem þar eru tilgreindar. Er heildarfjárhæð þessara ráðstafana tilgreind fyrir hvorn ákærða um sig og jafnframt er fjárhæðin sundurliðuð eftir tímabilum, bæði að því er varðar vantaldar greiðslur og vangoldna staðgreiðslu skatts af þeim. Dómurinn álitur þessa framsetningu sakargiftanna nægilega glögga og að hún uppfylli skilyrði 116. gr. oml. um skýrleika ákæruskjals. Þá er hún í samræmi við

langa dómvenju.

C

Ákærði Jón Ásgeir gerir þá kröfu að 1. tl. IV. kafla ákæru verði vísað frá dómi. Í greinargerð hans segir sakargiftir á hendur ákærða séu þar settar fram með sama hætti og í fyrsta hluta III. kafla ákærunnar. Af því leiði að öll sömu sjónarmiðin, sem rakin voru varðandi þann ákærukafla eigi einnig við um þennan ákærulið. Ákærði geti með engu móti ráðið af ákærunni hvaða saknæma háttsemi hans sé talin búa að baki hverju tímabili og hverri fjárhæð. Með öllu sé óljóst á hvaða tímabili ákærði eigi að hafa „látið undir höfuð leggjast að halda eftir og standa ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda vegna launagreiðslna og bifreiðahlunninda til starfsmanns félagsins. Jafnframt sé með öllu óljóst hvaða fjárhæðir tengist launagreiðslum annars vegar og bifreiðahlunnindum hins vegar. Þá sé og óljóst hvaða starfsmaður eigi í hlut, enda sé hann ekki nafngreindur. Með vísan til þess sem ritað var um III. kafla ákærunnar telji ákærði að vísa beri einnig frá dómi öllum ákæruliðunum í fyrsta tölulið IV. kafla ákærunnar.

Ákærða Kristín hefur krafist þess að 2. tölulið IV. kafla ákærunnar verði vísað frá dómi. Í greinargerð ákærðu um kröfuna segir að til þess að fullnægt sé áskilnaði 116. gr. oml. um skýrleik ákæru verður verknaðarlýsing ákæru að vera það greinargóð og skýr að ákærði geti án alls vafa ráðið af henni hvaða refsiverð háttsemi honum sé gefin að sök og hvaða refsilagaákvæði hann er talinn hafa brotið, ella geti hann ekki varist ákærunni. Breyti þá engu hvort honum megi vegna rannsóknar málsins vera ljósar sakargiftirnar, ef þeim eru ekki gerð fullnægjandi skil í ákæru. Þá verði ákæran að vera þannig að unnt sé að leggja dóm á sakirnar í henni. Í þessu tilviki uppfyllir ákæran ekki þessa kröfu lagaákvæðisins, enda sé henni svo verulega áfátt að ákærðu sé ómögulegt að átta sig á sakargiftum og þar af leiðandi að taka til varna með fullnægjandi hætti. Þannig séu fjárhæðir eingöngu sundurliðaðar eftir greiðslutímabilum í ákærunni en hvergi komi þar fram hvernig þær sundurliðist í launagreiðslur, bifreiðahlunnindi. Þá komi ekki fram hvernig þær skiptast á milli einstaklinga. Loks sé það ekki skýrt nánar við hvað sé átt með orðunum „vegna annarra hlunninda“. Sé ákærðu því ókleift að verjast ákærunni að þessu leyti og því beri að vísa þessum ákærulið frá dómi.

Fjárfestingafélagið Gaumur ehf. hefur krafist þess að 1. og 2. töluliðum IV. kafla verði vísað frá dómi og vísar um það að öllu leyti til málflutnings meðákærðu Jóns Ásgeirs og Kristínar.

Um afstöðu ákærvaldsins til þessarar kröfugerðar ákærðu og um rökstuðning allan vísast til þess sem rakið var hér að ofan í B- kafla.

Ákærðu Jón Ásgeir, Kristín og Fjárfestingafélagið Gaumur ehf. eru saksótt fyrir það í 1. og 2. töluliðum IV. kafla ákærunnar að hafa skilað röngum skilagreinum staðgreiðslu opinberra gjalda fyrir félagið þar sem greidd laun og skilaskyld staðgreiðsla voru vantalin og hafa látið undir höfuð leggjast að halda eftir og standa ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli í III. kafla staðgreiðslulaganna, vegna launagreiðslna og bifreiðahlunninda til starfsmanna félagsins, þ.á.m. ákærða Jóns Ásgeirs. Er heildarfjárhæð þessara ráðstafana tilgreind fyrir hvorn ákæruliðinn um sig og jafnframt er hún sundurliðuð eftir tímabilum, bæði að því er varðar vantaldar greiðslur og vangoldna staðgreiðslu skatts af þeim. Dómurinn álitur þessa framsetningu sakargiftanna nægilega glögga og að hún uppfylli skilyrði 116. gr. oml. um skýrleika ákæruskjals. Þá er hún í samræmi við langa dómvenju.

D

Ákærðu Kristín og Fjárfestingafélagið Gaumur ehf. hafa krafist þess að 3. tfl. IV. kafla ákærunnar verði vísað frá dómi þar sem ákæran uppfylli ekki kröfur 116. gr. oml. um skýrleika ákæruskjals. Sé í því hvergi að finna nánari sundurliðun eða tilgreiningu á umræddum fjárhæðum. Hvorki komi þar fram hvernig meintur söluhagnaður sé reiknaður af ákærvaldinu né sé það tilgreint af hvaða viðskiptum söluhagnaðurinn eigi á að hafa myndast. Loks sé hvergi tekið fram á hverju fjárhæð oftalinna gjalda sé byggð. Sé ákærðu ómögulegt að taka afstöðu til sakargiftanna og halda uppi vörnum gegn svo óljósri verknaðarlýsing í ákæru.

Af ákærvaldsins hálfu er því haldið fram að sakarefninu í þessum ákærulið sé lýst að því marki sem hegðunin teljist vera refsiverð. Viðskipti félagsins í einstökum tilfellum brjóti ekki gegn skattalögum heldur sú háttsemi, sem lýst er í ákærunni, að vantelja tekjur félagsins og oftelja gjöld þess á skattframtali. Sé þar tilgreind sú fjárhæð sem undanskotin nemi. Nánari sundurliðun og gögn um þessar fjárhæðir sé að finna í gögnum málsins. Þá vísar ákærvaldið til dómaframkvæmdar í málum af þessu tagi, en samkvæmt henni sé verknaðarlýsing ákærunnar fullnægjandi. Loks sé, eftir því sem við á, vísað til þess sem sagt var um III. kafla ákærunnar, sbr. B- kafla hér að framan.

Ákærðu eru saksótt fyrir það í þessum ákærulið að hafa skilað röngu skattframtali fyrir Fjárfestingafélagið Gaumur ehf. gjaldárið 2001, þar sem skattskyldar tekjur félagsins samkvæmt B-lið 7. gr. tekjuskattslaga voru rangfærðar, með því annars vegar vantelja til tekna söluhagnað af viðskiptum félagsins með hlutabréf í Baugi hf. á árinu 2000 um 916.105.197 krónur og með því hins vegar að

oftelja til gjalda í bókhaldi og skattframtali vaxtagjöld að fjárhæð kr. 15.700.075. Verksaðarlýsing ákærunnar er hér auðskilin og þótt fjárhæðirnar séu ekki sundurliðaðar leiðir það ekki til þess að sakargiftirnar geti talist óljósar svo að fari í bága við 116. gr. oml. Loks verður ekki annað séð en að ákæran sé að þessu leyti í samræmi við það sem tíðkast hefur með samþykki dómstóla.

E

Ákærðu Jón Ásgeir og Kristín krefjast þess að V. kafla ákærunnar verði vísað frá dómi af tveimur ástæðum.

Í greinargerðum þeirra er því í fyrsta lagi haldið fram að í ákæru sé hvergi að finna nánari sundurliðun eða tilgreiningu á fjárhæðum þeim sem vantaldar eigi að vera eða þeim sem komist hafi verið hjá að greiða í tekjuskatt. Ekki komi fram hvernig söluhagnaður sé fenginn né á hvaða fjárhæðum sé byggt. Sé ákærðu því ómögulegt að taka afstöðu til sakargiftanna eða verjast þessari óljósu sakargift. Vísa þau til þess sem áður sé komið fram af þeirra hálfu um óskýrleika 1. tl. III. kafla ákærunnar og 1. tl. IV. kafla ákærunnar og áréttu að umrædd verksaðarlýsing sé svo óskýr að vísa beri ákæruliðnum frá dómi af þeim sökum.

Þá er því í öðru lagi haldið fram í greinargerðum ákærðu að ákæruvaldið hafi ekki látið þess getið að ágreiningur hafi verið með Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf. (hf.), og íslenska ríkinu um það hvort myndast hefði skattskyldur söluhagnaður í þeim viðskiptum sem lýst sé í þessum ákærulið. Hafi félagið höfðaði mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur í því skyni að fá hnekkt niðurstöðu yfirsattanefndar um skattlagninguna og dómur gengið í desember 2009. Af honum hafi leitt að skattyfirvöld töldust hafa oftekið skatta hjá félaginu, sem ríkissjóði bæri að endurgreiða og hefði þetta verið endanlegur dómur. Ákærði byggir á því að félagið hafi í skattframtali með eðlilegum hætti gert grein fyrir þeim viðskiptum sem ákæran tengist. Sé ákæruliðurinn reistur á upphaflegum forsendum skattyfirvalda sem ekki hafi staðist þegar á hafi reynt. Því ber að vísa ákæruliðnum frá dómi.

Af hálfu ákæruvalds er um fyrra málsatriðið vísað til þess sem að framan hafi verið rakið um sundurliðun fjárhæða. Verði ekki gerðar ríkari kröfur um ítarlegri sundurliðun fjárhæðanna í ákæruliðnum og sé sakarefninu þar lýst á fullnægjandi hátt. Frekari sundurliðun komi hins vegar fram í gögnum máls og bíði það aðalmeðferðar í málinu að fjalla frekar um þau atriði. Ljóst megi vera hver hin meintu brot séu og frá hvaða viðskiptum vantaldar tekjur félagsins stafi. Um síðara málsatriðið er tekið fram að til greina komi að ákæruvald endurmeti dómkröfur samkvæmt þessum ákærulið í ljósi dóms héraðsdóms frá því í desember 2009 en það verði þá gert í tæka tíð fyrir aðalmeðferð í málinu. Mat á því hvort sakfelling samkvæmt ákæru sé líkleg eða ólíkleg í ljósi þessa dóms geti hins vegar ekki leitt til þess að vísa beri þessum ákærulið frá dómi, heldur hljóti sönnunarskortur að leiða til sýknu. Samkvæmt þessu beri að synja kröfu ákærðu um það að þessum ákærulið verði vísað frá dómi.

Ákærðu eru í þessum ákærulið saksótt fyrir að hafa fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að skila skattframtali fyrir Gaum ehf. (hf.) gjaldárið 1999 vegna fyrstu 6 mánaða ársins 1998, og hafa vantalið skattskyldar tekjur félagsins um kr. 668.519.432, að teknu tilliti til nýtingar heimildar til að fresta tekjufærslu á tilgreindum hluta af hagnaði af sölu á hlutabréfum. Hagnaðurinn sem samtals hafi numið kr. 775.549.986, hafi verið af sölu félagsins á 25 % eignarhluta Gaums ehf. í félögunum Bónus sf., Ísþori ehf. og Bónusbirgðum ehf. og 12,5 % eignarhlut í Baugi ehf. sem hafi gengið, ásamt peningalegri milligjöf, til greiðslu á kaupverði vegna kaupa Gaums ehf. á 25 % hlutafjár í fyrirhuguðu félagi, Hagkaupum hf., 000000-0000, samkvæmt kaupsamningi Gaums ehf. (hf.) við eigendur Hagkaupa hf., kt. 000000-0000, dags. 3. júní 1998, og hafa með þessu komið félaginu undan greiðslu tekjuskatts að fjárhæð kr. 200.555.830. Dómurinn fær ekki séð að þessi texti þessa ákæruliðar sé torskilinn að neinu leyti og þótt einstakar fjárhæðir séu þar ekki sundurliðaðar leiðir það ekki til þess að sakargiftirnar geti talist óljósar svo að fari í bága við 116. gr. oml. Um síðara atriðið, sem ákærðu bera fyrir sig, er það að segja að það varðar einkamál um réttmæti skattlagningar og getur sá dómur ekki leitt til þess að þessu ákæruatriði verði vísað frá dómi.

F

Með vísan til þess sem ályktað var hér að framan um hvern kafla um sig ber að synja kröfum ákærðu um að ákæruliðunum, sem þar er fjallað um, 1. tl. a í I. kafla, 1. og 2. tl. III. kafla, 1., 2. og 3. tl. IV. kafla og loks V. kafla, verði vísað frá dómi.

Úrskurðarorð:

Synjað er kröfu ákærðu um það að ákæru í máli þessu verði að hluta vísað frá dómi.

Pétur Guðgeirsson